

Skýrsla um verkefni EFTA-ráðgjafarnefndarinnar fyrri hluta árs 2005.

Mörg mikilvæg mál hafa verið á dagskrá EFTA-ráðgjafarnefndarinnar en hún fundar ca fjórum sinnum á ári. Má þar nefna þjónustutillskipunina og svokallað Lissabon-markmið, en það er stefna til tíu ára sem miðar að því að efla vöxt og samkeppnishæfni í efnahagslífinu, ásamt með áherslum á umhverfið og félagsleg markmið.

Reglulega hafa komið fréttir af stöðu þjónustutillskipunarinnar en BSRB hefur varað lengi við henni. Á síðasta fundi ráðgjafarnefndarinnar var samþykkt skýrsla um Lissabon-markmiðin en BSRB lagði ríka áherslu að í skýrslunni kæmi fram að atvinna og félagsleg réttindi verði að vera í forgangi í framtíðarstefnumörkun, ekki aukaatriði.

Þriðja atriðið sem hefur verið á dagskrá EFTA-ráðgjafarnefndarinnar er Þróunarsjóður EFTA. Með samningnum um stækkun EES var samið um aukin framlög EFTA-ríkjanna þriggja til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Geta þau sótt um styrk í þessum Þróunarsjóði EFTA til að gera ýmis verkefni á sviði umhverfisverndar, t.d. aðgerðir til að draga úr mengun (sbr. nýting jarðvarma) eða endurbóta á umhverfinu,

- sjálfbærar þróunar, t.d. bætt nýting auðlinda (þ.m.t. hráefnis til matvælaframleiðslur),
- varðveitingu menningarverðmæta,
- menntunar og þjálfunar starfsfólks og uppbyggingar opinberrar þjónustu og
- heilbrigðisþjónustu.

EFTA-ráðgjafarnefndin hefur í sinni skýrslu um Þróunarsjóð EFTA lagt mikla áherslu á að þessi sjóður verði líka notaður til þess að bæta úr samskiptum aðila vinnumarkaðarins, svokölluðum social dialogue, hjá nýju aðildarríkjunum.

Þann 27.-28. júní nk. mun ráðgjafarnefndin funda með þingmönnum og ráðherrum EFTA-ríkjanna í Lichtenstein.

EG/maí05